

Umsagnaraðilar: ungir söngvarar (sjá neðst)

27. apríl 2024

936. mál, lagafrumvarp Sviðslistir (Þjóðarópera)

154. löggjafarþing 2023–2024.

Við sem undir umsögn þessa ritum erum stór hópur ungra klassískra söngvara á Íslandi. Hóp þennan mynda bæði söngvarar sem stunda söngnám á háskólastigi héraðs og erlendis, sem og söngvarar sem nýlega hafa lokið háskólamenntun í klassískum söng. Með umsögn þessari viljum við lýsa yfir fullum stuðningi okkar við stofnun þjóðaróperu á Íslandi.

Á Íslandi ríkir mikill áhugi og vilji fyrir listforminu, ekki síst hjá ungu fólki sem m.a. birtist í því hve fjölbreyttur hópur hefur sótt sýningar hjá grasrótinni síðustu ár. Í þeim hópi má finna fólk af öllum aldri, stöðum og stéttum samfélagsins. Grasrótastarfið er blómlegt en hópar eins og Kammeróperan og Sviðslistahópurinn Óður hafa m.a. sett upp vel sóttar óperusýningar síðastliðin misseri. Óperuhátíðin ‘Óperudagar’ stækkar með hverju ári en þar koma fram sjálfstætt starfandi söngvarar og annað listafólk. Grasrótastarf óperulistafólks hlaut Grímuverðlaunin á síðasta ári í flokki ‘Sproti ársins’. Eins má nefna að hópurinn ‘Dáið er allt án drauma’ hlaut sjö tilnefningar til Grímuverðlauna fyrir samtímaóperuna ‘Ekkert er sorglegra en manneskjan’, árið 2021. Þá sigraði sýningin flokkana ‘Tónlist ársins’ og ‘Söngvari ársins’. Síðastliðin ár sýna vel þann sköpunarkraft, metnað, seiglu og eljusemi sem býr í óperusamfélaginu á Íslandi.

Fjöldi Íslendinga hefur í gegnum árin menntað sig í óperusöng og borið hróður lands og þjóðar víða. Þessi hópur býr yfir dýrmætri þekkingu og reynslu sem er ómetanlegur auður þjóðarinnar. Stærstur hluti þeirra sem hefur óperusöng að atvinnu starfar að mestum hluta erlendis en með stofnun þjóðaróperu skapast fleiri söngvurum tækifæri til að búa og starfa á Íslandi og flytja þar með heim ómetanlega þekkingu og þjálfun.

Fjöl margar óperur hafa verið fluttar á Íslandi frá því um miðbik síðustu aldar. Íslensk tónskáld hafa samið íslenskar óperur um söguhetjur úr íslenskum bókmenntum við frábærar viðtökur bæði héraendis og erlendis. Ópera er heildarupplifun margra listforma sem sameinast í eitt. Við viljum sjá óperulistformið halda áfram að vaxa og dafna hér á landi. Þjóðarópera stuðlar að áframhaldandi grósku og sköpun menningarverðmæta á Íslandi.

Vera Hjördís Matsdóttir

Steinunn Þorvaldsdóttir

María Sól Ingólfssdóttir

Birkir Tjörvi Pálsson

Jara Hilmarsdóttir

Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir

Ólafur Freyr Birkisson

Bryndís Guðjónsdóttir

Birgir Stefánsson

Sigurbjörg Telma Sveinsdóttir

Silja Elsabet

Ragnar Pétur Jóhannsson

Bergþóra Linda Ægisdóttir

Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir

Margrét Björk Daðadóttir

Anna Guðrún Jónsdóttir

Ísak Henningsson

Salný Vala Óskarsdóttir

Orri Jónsson

Kristinn Breiðfjörð Þórsson

Steinunn María Þormar

Steinunn Björg Ólafsdóttir

Ragnheiður Petra Óladóttir

Marta Kristín Friðriksdóttir
Karl Friðrik Hjaltason
Ellert Blær Guðjónsson
Tinna Þorvalds Önnudóttir
Kristín Sveinsdóttir
Bryndís Ásta Magnúsdóttir
Áslákur Ingvarsson
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Kristrún Guðmundsdóttir
Harpa Ósk Björnsdóttir
Sandra Lind Þorsteinsdóttir
Solveig Óskarsdóttir
Guðrún Brjánsdóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir
Heiðdís Hanna Sigurðardóttir
Rebekka Ingibjartsdóttir
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir
Gunnlaugur Bjarnason
Snæfríður Björnsdóttir
Kristín Einarsdóttir Mantyla
Guðrún Margrét Halldórsdóttir
Snæbjörg Guðmunda Gunnarsdóttir
Einar Dagur Jónsson
Una María Bergmann
Guðmundur Davíðsson
Halldóra Ósk Helgadóttir
Una Dóra Þorbjörnsdóttir
Íris Sveinsdóttir

Steinunn Sigurðardóttir
Jóhann McClure Óðinsson Waage
Rosemary Atieno
Sigríður Salvarsdóttir
Sigrún López Jack
Heiðrún Vala Einarsdóttir
Jóna G. Kolbrúnardóttir
Jóhann Axel Schram Reed
Svala Norðdahl
Hanna Tara Björnsdóttir
Bjarni Freyr Gunnarsson
Óskar Snorri Óskarsson
Sigrún Björk Sævarsdóttir
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir
Freyja Jónsdóttir